Deiliskráning í landi Kárhóls

Stefán Ólafsson

FS547-1408
Reykjavík
2014

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Loftmynd af deiliskráningarreit	4
1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	6
3. Fornleifaskrá	7
4. Niðurstöður	10
Heimildir	12
Hnitaskrá í landhnitakerfi (ISN93)	12
Uppdráttur af fyrirhuguðum framkvæmdum	13



Í september 2014 var tekið út rúmlega átta hektara svæði umhverfis fyrirhugaðar framkvæmdir á jörðinni Kárhóli sem hér á myndinni fyrir ofan er afmarkað með gulri heilli línu. Eftir að deiliskráningin átti sér stað í lok september 2014 var deiliskráningarsvæðið stækkað upp í 13.484 hektara eða um fimm og hálfan hektara og eru mörk þess svæðis afmörkuð með svartri brotinni línu. Fast við vesturmörk núverandi deiliskipulagsreitar er rústaþyrping sem heitir Kárastaðir (SÞ-280:024A-D) sem er hugsanlega gamalt eyðibýli og er þess getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Það er utan deiliskipulagsreits en engu að síður ber að gæta sérstakrar varúðar við umferð vinnuvéla á þessum slóðum. Rauður hringur með brotinni línu hefur verið dreginn umhverfis þá tóft sem liggur hvað næst núverandi skipulagsreit.

Kárhóll er í Reykjadal, innan við Laugar í Suður-Þingeyjasýslu.

1. Inngangur

Kárhóll er nýbýli sem byggt var úr landi Hóla árið 1954. Núverandi landeigandi er Aurora Observatory ses sem hyggst byggja þar alþjóðlega rannsóknarmiðstöð og gestastofu fyrir almenning, ennfremur verða útbúin bílastæði sem tengjast byggingunum, göngustígar og akvegir. Í tengslum við þessar framkvæmdir var unnið nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og í kjölfarið leitaði Halldór Jóhannsson arkitekt hjá teiknistofunni Teikn á lofti sem vinnur að skipulagi mannvirkja á tilteknum reit til Fornleifastofnunnar Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin ynni deiliskráningu innan framkvæmdareits. Í samráði við Halldór var ákveðið að taka út rúmlega átta hektara svæði umhverfis framkvæmdirnar. Eftir að vinnu við deiliskráninguna lauk á vettvangi í lok september 2014 hefur deiliskráningarsvæðið verið stækkað um fimm og hálfan hektara en á loftmynd á bls 3 má bæði sjá það svæði sem tekið var út og svo framkvæmdasvæðið eins og það er nú.

Við skráningarvinnuna var notast við óútgefna fornleifaskráningu á minjum í Seljadal og nágrenni sem Elín Ósk Hreiðarsdóttir vann að. Deiliskráningin var unnin miðvikudaginn 24. september 2014 af Stefáni Ólafssyni fornleifafræðingi hjá Fornleifastofnun Íslands ses.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „ Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfremur: „ Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-191:001). Eins og áður hefur komið fram er allt deiliskipulagssvæðið innan jarðarinnar Kárhóls sem er nýbýli úr landi Hóla. Samkvæmt því sem hér hefur verið lýst að ofan fá allar fornleifar innan Kárhóls kennitölu sem tengja þær við upphaflegu jörðina, þ.e.a.s. Hóla.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað.

Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Tveir minjastaðir eru innan deiliskipulagsreits, SÞ-280:039 og SÞ-280:047 og er nánari staðsetning og lýsing á þeim hér fyrir neðan. Þétt við vesturmörk deiliskipulagssvæðisins en jafnframt utan við það liggur fornbýlið Kárastaðir SÞ-280:024 í brekkurótum (óútgefin skráningargögn).

SÞ-280:039 þúst stekkur 65°42.328N 17°21.775V

"Sunnan við Kárhólsbæ er Stekkjargróf og á upptök hátt í hlíðinni, en rann út í Flæðu. Ofan við Stekkjarholt er Stekkjarmór," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Geir Garðarssyni, heimildamanni, voru rústir nálægt miðju túninu sunnan og neðan við Kárhól þegar hann man fyrst eftir sér. Svæðið var sléttað í kringum 1960. Stekkurinn mun hafa staðið sunnan við núverandi heimkeyrslu. Samkvæmt uppdrætti af þeim framkvæmdum sem áætlað er að gera innan deiliskipulagsreitsins eru engar framkvæmdir sýndar sunnan við núverandi heimkeyrslu og því ætti að mega að hlífa stekknum.

Það var sléttað yfir stekk SÞ-280:039 í byrjun sjöunda áratugsins en mögulega gæti enn verið að finna hleðslur undir sverði. Horft til aust-norðausturs.

Aflíðandi tún eru á þessum slóðum, nú í órækt. Í miðju túninu er þúfnakragi sem snýr NNA-SSV og ekki er óhugsandi að þar megi finna leifar stekkjarins undir sverði. Þústin er 6-7 x 4 m stór en ekki er óhugsandi að hún sé náttúruleg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Kárhóll, 3

SÞ-280:047 Kárhóll gryfja óþekkt 65°42.448N 17°22.080V

Austan megin í Kárhól er gryfja SÞ-280:047 en ekki er vitað hvaða tilgangi hún þjónaði. Horft til norðausturs.

Kárhóll er lágur og aflangur grasivaxinn hóll sem snýr norður og suður og er hann norðvestan við íbúðarhús á Kárhóli sem er byggt 1955. Þúst eða dæld er í austur hlið Kárhóls, um 250m norðvestur af íbúðarhúsinu og er hún að öllum líkindum manngerð. Gryfjan er innan deiliskipulagsreits og mun henni væntanlega verða raskað við framkvæmdir á fyrirhugaðri bygginu. Gryfjan er í grasivaxinni brekku til austurs. Gryfjan er um 3x2m að stærð, snýr austur-vestur og er um 40cm á dýpt. Ekki var hægt að greina neitt ytrabyrði á mannvirkinu nema helst við austurgaflinn og þá var ekki heldur hægt að sjá eða finna fyrir neinum grjóthleðslum í hliðunum. Gryfjan snýr upp í brekkuna og er hæðarmunurinn notaður til að mynda stall í vesturenda gryfjunnar. Gryfjan er greinilega manngerð en ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var notuð né um aldur hennar og þarf hún ekki að vera mjög gömul.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

4. Niðurstöður

Í september 2014 var tekið út rúmlega átta hektara svæði umhverfis fyrirhugaðar framkvæmdir á jörðinni Kárhóli og fylgja niðurstöður úttektarinnar hér að neðan. Eftir að deiliskráningin átti sér stað í lok september 2014 var deiliskráningarsvæðið stækkað upp í 13.484 hektara eða um fimm og hálfan hektara en eins og gefur að skilja fjallar þessi skýrsla eingöngu um þær minjar sem fundust innan þeirra marka sem samþykktar voru af báðum aðilum í upphafi og unnið var með á vettvangi.

Afmörkun deiliskráningarsvæðisins má sjá á loftmynd á bls. 3 og svo er ítarlegur uppdráttur af fyrirhuguðum framkvæmdum á bls. 13. Svæðið nær frá þjóðvegi 1 að austan og fylgja mörkin framræsluskurðum að sunnan, vestan og norðan við heimatún Kárhóls. Það svæði sem tekið var út er í aflíðandi halla til austurs að þjóðvegi 1. Helsta kennileitið í heimatúni Kárhóls er Kárhóll sjálfur, myndarlegur hóll með nokkuð brattar hlíðar sem er

norðvestan við núverandi íbúðarhús á Kárhóli. Talsvert rask hefur þegar átt sér stað á þessum slóðum en túnin á Kárhóli voru framræst og sléttuð í kringum 1960. Þegar svæðið var kannað síðla haust voru aðstæður mjög erfiðar sökum þess að svæðið var á kafi í sinu og grasi en á undanförnum árum hefur svæðið ekki verið slegið og því í talsverðri órækt. Grasvöxtur var allt að 120cm á hæð og við slíkar aðstæður getur reynst mjög erfitt og að greina signar eða mikið útflattar fornleifar.

Samkvæmt þeim gögnum sem unnið var eftir á vettvangi voru fyrirhugaðar framkvæmdir annars vegar við eða á sjálfum hólnum og hins vegar í túninu neðan við hann. Nýlegri uppdráttur af fyrirhuguðum framkvæmdum sýnir hins vegar svokallaðan þjónustuveg sem liggur til vestsuðvesturs fast norðan við núverandi hús á Kárhóli áður en hann tekur krappa beygju til norðurs að fyrirhugaðri húsbyggingu sem við Kárhól. Þetta vegstæði liggur nokkuð nærri Kárastöðum (SÞ-280:024A-D) sem er gamalt eyðibýli sem getið er um í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en utan deiliskipulagsreits og ber að gæta sérstakrar varúðar við umferð vinnuvéla á þessum slóðum.[1]

Tveir minjastaðir eru þekktir innan deiliskipulagsreits, stekkur SÞ-280:039 og gryfja SÞ-28:047. Vitað er að áður en landið var sléttað stóð stekkur SÞ-280:039 nálægt miðju túninu sunnan við Kárhólsbæ , nærri svokallaðri Stekkjargróf. Fleiri stekkjar-örnefni eru þar í kring sem draga nafn sitt af þessum stekk. Ekki sjást neinar greinilegar leifar af stekknum á yfirborði lengur. Um hlutverk eða aldur gryfjunnar SÞ-280:047 er ekkert vitað þó ólíklegt sé að hún sé mjög forn. Samkvæmt skipulagsteikningum virðist mega hlífa stekk SÞ-280:039 en sennilega þarf gryfja SÞ-280:047 að víkja fyrir væntanlegum framkvæmdum.

Það er ekki útilokað að fleiri minjar en þær sem hér er lýst kunni að leynast undir sverði á svæðinu en það er hlutverk Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort framkvæmdir á svæðinu verði háðar einhverjum takmörkunum og eða hvort frekari úttekt á umræddum minjum er þörf áður en framkvæmdir hefjast.

1 Einnig er vakin athygli á því að samkvæmt núgildandi skipulagsuppdrætti kemur fram að umrædd tóftaþyrping sé innan skógræktarmarka en rætur trjáa fara mjög illa með fornleifar

Heimildir:

Óútgefin frumgögn:

Elín Ósk Hreiðarsdóttir óútgefin fornleifaskráning á minjum í Seljadal og nágrenni

Ö-Kárhóll: Örnefnaskrá Kárhóll. Páll H. Jónsson gerði skránna (óútgefin heimild). Stofnun Árna Magnússonar; örnefnasafn.

Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

Samtala	Logitude	Latitude
SÞ-280:039	575178.18	579627.27
SÞ-280:047	574939.13	579842.85



Uppdrátturinn sýnir fyrirhugaðar framkvæmdir á Kárhóli. Svæðið sem var deiliskráð er sýnt hér með rauðri heilli línu